

Fundargerð

1. fundur

Fundur í hafnarnefnd Langanesbyggðar laugardaginn 26.08.06 á skrifstofu Langanesbyggðar

Mættir: Jónas Jóhannesson, formaður, Aðalbjörn Arnarsson, Marínó Jónsson, Indriði Þóroddsson, Steinn Karlsson og Björn Ingimarsson.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13:00.

Dagskrá.

1. Mál. Skipulagsmál. Kennitala, eyðublöð og fleira.

Hafnarstjóri gerð grein fyrir því að hafnirnar muni falla stjórnsýslulega undir þjónustu miðstöð langanesbyggðar er fyrirhugað er að koma á um n.k. áramót.

Samþykkt var að óska eftir því að kennitala Þórshafnarhafnar verði notuð fyrir hafnirnar og að sameiginlegt nafn verði Langaneshafnir. Samþykkt að fela hafnarstjóra ásamt hafnarvörðum að útfæra sameiginleg eyðublöð og vigtarbækur. Stefnt að því að óska eftir prentun á nýjum vigtarbókum mánudaginn 28.08.06.

2. Mál. Staða framkvæmda.

Steinn Karlsson gerði grein fyrir stöðu framkvæmda á Þórshöfn. Fram kom að stefnt er að því að ljúka framkvæmdum við Loðnulöndunarþekju í október. Indriði Þóroddsson og Marínó Jónsson gerðu grein fyrir stöðu mála á Bakkafirði. Samþykkt að hafnarstjóri kanni stöðu fjárveitinga gagnvart Bakkafjarðarhöfn.

3. Mál. Framkvæmdir næstu ára.

Fram kom að væntingar eru um að Þórshafnarhöfn fari í líkan í haust og endanlegra ákvarðana að vænta varðandi framkvæmdir í framhaldi af því. Á Bakkafirði liggur fyrir að á næsta ári verði farið í lengingu skábrautar. Auk þess var rætt um að huga þyrfti að framtíðarlausn varðandi aðstöðu hafnarvarðar við Bakkafjarðarhöfn.

Ákveðið að kanna hvað þurfi að gera í höfnunum til að uppfylla gæðakröfur Bláfána- hafna. Auk þess var ákv. að endurskoða hvaða framkvæmdir sé æskilegt að leggja áherslu á, á Bakkafirði.

4. Mál. Gjaldskrár. (Endurskoðun og samræming).

Hafnarstjóra ásamt hafnarvörðum falið að endurskoða og samræma gjaldskrár og reglugerð og leggja drög fyrir nefndina á næsta fundi.

5. Mál. Önnur mál.

Ákveðið að setja upp varúðarmerkingar varðandi umferð um Bakkafjarðarhöfn. (.....)
ákveðið að fela hafnarverð á Þórshöfn að skoða aðstöðuskipan fyrir slöngur, stúta og verkfæri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:20.

Björn Ingimarsson, ritari.

